

Fundargerð

18. fundur umhverfis,- skipulags, - og bygginganefndar. Miðvikudaginn 28. Maí kom USB saman að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn.

Mætt: Sigurður J. Jónsson, Kristján Úlfarsson, Vífill Þorfinnsson, Steinn Karlsson og Jóhanna Helgadóttir.
Fundur hófst kl 12:00.

Dagskrá:

Til kynningar:

1. fyrri mál.

- Sorpmál: Stefnumótun í sorpmálum rædd. Benda fyrirtækjum á að flokka sorp betur og rukka sérstaklega fyrir losun hjá fyrirtækjum. Það þarf að minnka umfang sorps bæði heimilis- og fyrirtækja. Nefndin óskar að fulltrúi sveitarstjóra útvegi upplýsingar um hvernig staðið er að sorpmálum t.d. í Vestmannaeyjum þar sem stærsta fyrirtæki Þórshafnar er með lögheimili í Eyjum.
- Efni frá Birni Guðmundi : „Ráðgjöf vegna staðardagskrá 21“.

Til afgreiðslu:

2. Umsókn frá Vífli Þorfinnssyni.

- Byggingarleyfi fyrir bílskúr við Fjarðarveg 47. Vífill vék af fundi. Samþykkt samhljóða.

3. Umsókn frá Sigurði J. Jónssyni.

- Leyfi til að klæða Austurveg 18.
- Umsókn um uppsetningu bílageymslu við Austurveg 18. Jonni og Kristján viku af fundi. Samþykkt samhljóða, m/fyrirvara um afstöðumynd.

4. Óskir frá Bogdan Burba.

- Óskir um að LNB ýti við eigendum Langanesvegar 10, neðri hæðar um að mála með þeim húsið eða að greiða fyrir málningu. Jafnframt er óskað eftir að LNB greiði málningu. Formaður USB hafði samband við eiganda neðri hæðar, málið er í hans höndum.

5. Tillögur að efni næsta fundar.

6. Fulltrúa sveitarstjóra falið að senda bréf skv lista, vegna hreinsunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:20.
Jóhanna Helgadóttir ritari.